

Mánudaginn 22. júní 1936.

Nr. 126/1935. Réttvísinn (Eggert Claessen)

gegn

**Magnúsi Jónssyni, Grími Norðqvist
Magnússyni, Jóni Hall Magnússyni og
Matthildi Sigurðardóttur**

(Stefán Jóh. Stefánsson).

Stórbjófnaður, hilming og brot gegn 250 gr. alm. hegn.l.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 13. júní 1935: Ákærði, Magnús Jónsson, sæti betrunarhúsvinnu í 4 ár.

Ákærði, Grímur Norðqvist Magnússon, sæti betrunarhúsvinnu í 15 mánuði.

Ákærði, Jón Hall Magnússon, sæti betrunarhúsvinnu í 8 mánuði.

Ákærða, Matthildur Sigurðardóttir, sæti betrunarhúsvinnu í 8 mánuði.

En fullnustu refsingar hinnar ákærðu, Jóns Hall Magnússonar og Matthildar Sigurðardóttur, skal fresta og þær falla niður eftir 5 ár frá uppsögn dóms þessa, ef skilorð laga nr. 39, 1907 verða haldin.

Ákærði, Magnús Jónsson, greiði í iðgjöld Ólafi M. Sturlaugssyni kr. 1200.00, ásamt 6% ársvöxtum frá 1. jan. 1921 til greiðsludags, Gísla Bergsveinssyni kr. 27.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1934 til greiðsludags, Þórólfi Guðjónssyni kr. 105.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1934 til greiðsludags, Hirti Guðjónssyni kr. 105.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1934 til greiðsludags, Magnúsi Guðjónssyni kr. 140.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1935 til greiðsludags, Benedikt Finnssyni kr. 200.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1925 til greiðsludags, Magnúsi Halldórssyni kr. 100.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1925 til greiðsludags, Ingimundi Magnússyni kr. 50.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1920 til greiðsludags, Magnúsi Árnasyni kr. 40.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1931 til greiðsludags, Lárusi Hall Alexanderssyni kr. 165.00 ásamt 6% ársvöxtum af kr. 75.00 frá 1. janúar 1923 og af kr. 90.00 frá 1. janúar 1934 til greiðsludags, Guðbjörgu Þorsteinsdóttur kr. 5871.82

ásamt 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1935 til greiðsludags og Eyjólfí S. Bjarnasyni kr. 300.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1935 til greiðsludags.

Ákærði, Grímur Norðquist Magnússon, greiði í iðgjöld Gísla Bergsveinssyni kr. 18.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1935 til greiðsludags, Þórólfi Guðjónssyni kr. 35.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1935 til greiðsludags, Hirti Guðjónssyni kr. 35.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1935 til greiðsludags, Lárusi Hall Alexanderssyni kr. 90.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1935 til greiðsludags, Guðbjörgu Þorsteinsdóttur kr. 20.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1935 til greiðsludags og Eyjólfí S. Bjarnasyni kr. 40.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1935 til greiðsludags.

Hinir ákærðu, Grímur Norðqvist Magnússon og Jón Hall Magnússon, greiði in solidum Kaupfélagi Saurbæinga kr. 308.85 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1935 til greiðsludags. Hin ídæmdu iðgjöld greiðist innan 15 sólarhringa frá lögbirtingu dóms þessa.

Ákærðu, Magnús Jónsson og Jón Hall Magnússon, greiði hvor um sig gæzluvarðhaldskostnað sinn.

Ákærði, Magnús Jónsson, greiði skipuðum talsmanni sínum, cand. jur. Valdimar Stefánssyni, í málsvarnarlaun kr. 150.00.

Ákærðu, Grímur Magnússon, Jón Hall Magnússon og Matthildur Sigurðardóttir, greiði öll in solidum skipuðum talsmanni sínum, cand. jur. Sigurði Ólasyni, kr. 200.00 í málsvarnarlaun.

Allan annan kostnað sakarinnar greiði öll hin ákærðu in solidum.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Með bréfi, dags. 18. maí f. á., til rannsóknardómars í máli þessu lýsti dómsmálaráðuneytið yfir því, að það vildi, að málshöfðun í málinu tæki einnig til allra þeirra brota, sem hin ákærðu hafa drýgt fyrir meir en 10 árum áður en uppvíst varð um brotin, sbr. 71. gr. hinna almennu hegningarl.

Er málshöfðun og héraðsdómur í samræmi við þessa yfirlýsingu ráðuneytisins.

Afbrot hinna ákærðu eru í héraðsdóminum réttilega heimfærð undir þargreind hegningarákvæði að öðru leyti en því, að refsing hinna ákærðu, Gríms Norðqvist Magnússonar og Jóns Hall Magnússonar, ber að ákveða með hliðsjón af 38. gr. hegningarlaganna að því er tekur til afbrota, sem þeir hafa drýgt á aldrinum frá 14 til 18 ára, og innbrotsþjófnaðurinn í Salthólmavík, sem lýsingin í 4. lið 231. gr. hegningarlaganna á við um, varðar þá báða við 7. gr. laga nr. 51 frá 1928, sbr. 1. lið 48. gr. hegningarlaganna.

Hinum ákærðu þykir hæfilega refsað með betrunarhúsvinnu, Magnúsi Jónssyni í 3 ár, Grími Norðqvist Magnússyni í 15 mánuði, Jóni Hall Magnússyni og Matthildi Sigurðardóttur, hvoru um sig, í 8 mánuði, en eftir atvikum þykir mega ákveða samkvæmt 1. gr. laga nr. 39 frá 1907, að refsing Matthildar Sigurðardóttur skuli fresta og refsingin falla niður eftir 5 ár frá uppsögn dóms þessa, ef fullnægt verður skilyrðum laganna. Ákvæði héraðsdómsins um skaðabætur til manna þeirra, er í dóminum getur, og um málskostnað í héraði ber að staðfesta.

Hin ákærðu skulu in solidum greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarétti, er ákveðast kr. 250.00 til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hin ákærðu, Magnús Jónsson, Grímur Norðqvist Magnússon, Jón Hall Magnússon og Matt-

hildur Sigurðardóttir, sæti hvert um sig betr-unarhúsvinnu, Magnús í 3 ár, Grímur Norð-qvist í 15 mánuði, Jón Hall í 8 mánuði og Matt-hildur í 8 mánuði. Fullnustu refsingar Matt-hildar skal fresta og refsingin falla niður eftir 5 ár frá uppsögn dóms þessa, ef skilyrði laga nr. 39 frá 1907 eru haldin.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um skaðabóta-greiðslur og málskostnað í héraði staðfestist.

Hin ákærðu greiði in solidum allan áfrýjun-arkostnað sakarinnar, þar með talin málflutn-ingslaun sækjanda og verjanda í hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Eggerts Cla-essen og Stefáns Jóhanns Stefánssonar, kr. 250.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af réttvísinnar hálfu höfðað gegn Magnúsi Jónsyni, fyrrum bónda á Heinabergi í Dalasýslu, nú til heimilis á Grandavegi 37, Reykjavík, Grími Norðqvist Magnússyni, bónda á Heinabergi í Dalasýslu, Jóni Hall Magnússyni, verkamanni, Vesturvallagötu 2, Reykjavík, og Matt-hildi Sigurðardóttur, til heimilis á Heinabergi í Dala-sýslu, fyrir brot gegn lögum nr. 51, 1928 og 23. og 25. kapitula hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869.

Ákærðu eru öll komin yfir lögaldur sakamanna.

Ákærði, Magnús Jónsson, er fæddur 23. október 1876. Hann var hinn 8. des. 1931 sektaður um 75 krónur fyrir ölvun, en hefir ekki frekar sætt ákæru eða refsingu svo kunnugt sé.

Ákærði, Grímur Norðqvist Magnússon, er fæddur 23.

júli 1906. Hann hefir ekki áður, svo kunnugt sé, sætt ákæru eða refsingu.

Ákærði, Jón Hall Magnússon, er fæddur 25. ágúst 1910. Hann hefir ekki áður, svo kunnugt sé, sætt ákæru eða refsingu. Ákærða, Matthildur Sigurðardóttir, er fædd 2. desember 1884. Hún hefir ekki áður, svo kunnugt sé, sætt ákæru eða refsingu.

I.

Skömmu eftir s. l. aldamót tóku hin ákærðu, Magnús Jónsson og Matthildur Sigurðardóttir, að búa saman. Hafa þau búið saman síðan án þess þó að giftast, og átt saman 11 börn, þar á meðal hina ákærðu, Grím Norðqvist og Jón Hall. Telja bæði hin ákærðu, Magnús og Matthildur, að sambúð þeirra, bæði að því er fjárhag og aðra afstöðu snertir, hafi verið eða átt að vera hin sama og þau væru gift að lögum. Árið 1911 fluttu þau að Heinabergi í Skarðshreppi í Dalasýslu, þar sem þau bjuggu til vors 1934. En þá tók sonur þeirra, ákærði, Grímur Norðqvist, jörðina á leigu, og hefir hann búið þar síðan.

II.

Haustið 1914 byrjaði ákærði, Magnús Jónsson, að taka að ófrjálsum og slá eign sinni á sauðfé annara manna og hélt hann því síðan óslitið og árlega áfram allan sinn búskap á Heinabergi. Hagaði hann fjártökum þessum, sem jafnan fóru fram síðara hluta sumars og á haustin, bannig, að hann ýmist sótti eða lét sækja fé í hagann, fyrirfram með þeim ásetningi, að slá eign sinni á það, eða hann fyrst tók ákvörðun um tökuna, er hann eftir á var þess var, að féð hafði af tilviljun rekist heim með heimafénu. Fé þetta tók ákærði þannig með vitund ákærðu, Matthildar Sigurðardóttur, en eigi virðist hún hafa átt frumkvæði að fjártökunum almennt eða í einstökum tilfellum, né tekið þátt í ráðagerðum að þeim. Hinsvegar vann hún að hagnýtingu slátursins á heimilinu og aðstoðaði stundum við slátrunina á blóðvellingum. Er hinir ákærðu, Grímur og Jón Hall, uxu upp, lét faðir þeirra þá aðstoða við fjártökur þessar, bæði við það að ná fénu og eins við slátrunina sjálfa. Það kom og fyrir meðan ákærði Magnús bjó, að þessir synir hans í einstökum tilfellum tóku það

upp hjá sjálfum sér án þess að ráð föður þeirra kæmi til, að taka fé að ófrjálsu til slátrunar til hagnýtingar á heimilinu, en ganga þykir mega út frá því, eftir því sem fyrir liggur í málinu, að föður þeirra hafi eftir á yfirleitt verið kunnugt um þessar fjártökur þeirra bræðra.

Það er talið, að öllu því fé, sem þannig var tekið að ófrjálsu, hafi jafnóðum verið slátrað heima fyrir til búslags, en ekkert verið tekið í öðru skyni eða hagnýtt á annan hátt.

III.

Hve margt fé það hafi verið, sem þannig var tekið að ófrjálsu, hefir eigi tekizt að upplýsa, hvorki að því, er snertir einstök ár, eða samtals, en hinir ákærðu telja, að það muni nema um 15 kindum, dilkum og fullorðnum, til jafnaðar á ári. Það hefir eigi heldur til fullnustu tekizt að upplýsa, frá hverjum fé hafi verið tekið, enda vissu hinir ákærðu ekki ávallt frá hverjum fé það var, sem tekið var. Um fjártökur frá einstökum mönnum í búskapartið ákærða, Magnúsar, er upplýst það, sem nú skal greina:

1) Frá Karli Þórðarsyni bónda (í Búðardal) í Skarðshreppi telja hinir ákærðu að teknar hafi verið til jafnaðar 7 kindur á ári frá því, að fjártökurnar byrjuðu haustið 1914 og þar til Karl dó vorið 1932. Hefir ekkja Karls heitins gert þá kröfu á hendur ákærða, Magnúsi Jónssyni, að hann verði dæmdur til að greiða henni í skaðabætur kr. 5871.82 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1935 til greiðsludags.

2) Ólafur Sturlaugsson, nú bóndi í Ögri við Stykkishólm, bjó í Akureyjum, er fjártökur þessar hófust, og hafði fé sitt í sumarbeit á Skarðströndinni í grennd við Heinaberg. Frá og með árinu 1914 voru teknar árlega, að því, er ákærðu telja, um 7 kindur frá Ólafi, unz hann árið 1921 breytti hagagöngu fjárens og kom því á sumrin til beitar á Reykjanesi í Barðastrandarsýslu. Eftir það náðu þeir á Heinabergi ekki til fjár Ólafs til þess að slá eign sinni á það. Hefir Ólafur gert þá kröfu, að ákærði, Magnús Jónsson, verði í máli þessu dæmdur til að greiða sér kr. 1200.00 í skaðabætur, ásamt 6% ársvöxtum frá 1. jan. 1921 til greiðsludags.

3) Frá Lárusi Alexanderssyni, nú bónda í Ytri-Fagraðal í Skarðshreppi, er játað af hinum ákærðu, að teknar

hafi verið 2 eða 3 kindur, er Lárus var vinnumaður í Búðardal á árunum 1920—1923. Sumarið 1933 kveðst Magnús hafa tekið 6 dilka frá Lárusi, en það var seinasta sumarið, sem ákærði, Magnús, rak búið á Heinabergi eins og að framan greinir. Lárus hefir gert þá kröfu, að ákærði, Magnús Jónsson, verði í máli þessu dæmdur til að greiða sér kr. 165.00 í skaðabætur ásamt 6% ársvöxtum af kr. 75.00 frá 1. janúar 1923 og af kr. 90.00 frá 1. jan. 1934 til greiðsludags.

4) Árin 1932 og 1933 kveðst ákærði, Magnús, hafa tekið fé frá bræðrunum Þórólfi, Magnúsi og Hirti Guðjónssonum, sem allir eru búsettir í Innri-Fagradal í Saurbæjarhreppi, 3—4 kindur frá hverjum þeirra bræðra hvert árið. Hafa þeir Þórólfur og Hjörtur, hvor um sig, gert þá kröfu, að ákærði, Magnús, verði í máli þessu dæmdur til að greiða sér kr. 105.00 í skaðabætur, ásamt 6% ársvöxtum frá 1. jan. 1934 til greiðsludags, en Magnús að ákærði verði dæmdur til að greiða sér kr. 140.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1935 til greiðsludags.

5) Áður en nefndir bræður fluttu að Innri-Fagradal, bjuggu þar Benedikt Finnsson og Magnús Halldórsson, sem nú eru báðir búsettir á Hólmavík. Hafa hinir ákærðu játað, að tekið hafi verið fé frá þeim báðum og mundi ákærði, Grímur, undir rannsókn málsins, að tilgreina, að teknir hefðu verið 4 dilkar frá Benedikt og 2 frá Magnúsi, en gerði ráð fyrir, að fleira hefði verið tekið frá þeim báðum, þó eigi myndi hann að tilgreina það, og hefir eigi tekizt að upplýsa þetta nánar. Benedikt Finnsson hefir gert þá kröfu, að ákærði, Magnús, verði í máli þessu, dæmdur til að greiða sér kr. 200.00 í skaðabætur ásamt 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1925 til greiðsludags og Magnús Halldórsson hefir krafizt þess, að ákærði verði dæmdur til að greiða sér kr. 100.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1925 til greiðsludags.

6) Árið 1918 eða 1919 keypti Ingimundur Magnússon, hreppstjóri, Bæ í Króksfirði, 20 ær af ákærða, Magnúsi Jónssyni. Næsta haust á eftir struku nokkrar af ám þessum að Heinabergi. Eina af ám þessum tók ákærði þá og slátraði, er hún ásamt heimafénu hafði smalað heim. Ingimundur Magnússon hefir gert þá kröfu, að ákærði verði í máli þessu dæmdur til að greiða sér kr. 50.00 í

skaðabætur ásamt 6% ársvöxtum frá 1. jan. 1920 til greiðsludags.

7) Frá Magnúsi Árnasyni, bónda á Tjaldanesi í Saurbæjarhreppi, hefir ákærði, Magnús Jónsson, játað, að hafa tekið á og dilk haust eitt, eitthvert hinna síðustu ára, en kindur þessar kveður hann af tilviljun hafa smalazt í hús sín, og ákvað hann fyrst að slá eign sinni á þær, er hann varð þeirra var þar. Eftir vanhöldum Magnúsar Árnasonar að dæma, hefir þetta sennilega verið haustið 1930, og hefir hann gert þá kröfu, að ákærði verði í máli þessu dæmdur til að greiða sér kr. 40.00 í skaðabætur ásamt 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1931 til greiðsludags.

8) Er fyrrgreindur Ólafur Sturlaugsson vorið 1927 flutti úr Akureyjum fluttu þangað þeir Eyjólfur Stefán Björnsson og Gísli Bergsveinsson, sem nú búa í Fagurey. Frá því að Eyjólfur flutti til Akureyja var árlega tekið fé frá honum, og telja hinir ákærðu, að það hafi numið 2—3 kindum á ári. Hefir Eyjólfur gert þá kröfu, að ákærði, Magnús Jónsson, verði í máli þessu dæmdur til að greiða sér í skaðabætur kr. 300.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1935 til greiðsludags. Frá Gísla Bergsveinsyni hafa hinir ákærðu játað, að teknar hafi verið tvær kindur og hefir Gísli gert þá kröfu, að ákærði, Magnús Jónsson, verði í máli þessu dæmdur til að greiða sér kr. 27.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1934 til greiðsludags.

IV.

Eftir að ákærði, Grímur Norðqvist, tók við jörð og búi á Heinabergi, eins og áður greinir, héldu fjártökurnar áfram sumarið og haustið 1934, en nú að hans ráði, enda rann þýfið í bú hans. Við þessar fjártökur naut hann hinsvegar aðstoðar hinna meðákærðu, föður síns og Jóns Hall bróður síns. Samkvæmt játningu ákærða, Gríms Norðqvist, hefir hann þetta sumar og haust að ófrjálsu slegið eign sinni á fé eins og nú segir:

1) Frá Búðardal tók ákærði eina á veturgamla með marki Karls heitins Þórðarsonar og eign ekkju hans, Guðbjargar Þorsteinsdóttur, sem þar býr. Hefir Guðbjörg krafizt þess, að ákærði verði í máli þessu dæmdur til að greiða sér kr. 20.00 í skaðabætur, ásamt 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1935 til greiðsludags.

2) Frá Lárusi Alexanderssyni bónda í Ytri-Fagradal eina á gelda og á ásamt dilk, er gekk undir henni, eða samtals 3 kindur. Hefir Lárus gert þá kröfu, að ákærður verði í máli þessu dæmdur til að greiða sér í skaðabætur kr. 90.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. jan. 1935 til greiðsludags.

3) Frá Þórólfi Guðjónssyni, Innri-Fagradal, eina á ásamt dilk, sem gekk undir henni. Hefir Þórólfur gert þá kröfu, að ákærði verði í máli þessu dæmdur til að greiða sér kr. 35.00 í skaðabætur, ásamt 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1935 til greiðsludags.

4) Frá Hirti Guðjónssyni, Innri-Fagradal, 2 dilka. Hefir Hjörtur krafizt þess, að ákærði verði í máli þessu dæmdur til að greiða sér kr. 35.00 í skaðabætur ásamt 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1935 til greiðsludags.

5) Frá Gísla Bergsveinssyni, Fagurey, eina á. Hefir Gísli krafizt þess, að ákærði verði í máli þessu dæmdur til að greiða sér kr. 18.00 í skaðabætur ásamt 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1935 til greiðsludags.

6) Frá Eyjólfí S. Bjarnasyni, Fagurey, 2 eða 3 kindur, nánar hefir ákærði ekki getað tilgreint það. Hefir Eyjólfur því krafizt þess, að ákærði verði í máli þessu dæmdur til þess að greiða sér í skaðabætur kr. 40.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1935 til greiðsludags.

7) Ennfremur 3 kindur, sem ákærði vissi ekki hverjir voru eigendur að og ákærði hefir ekki getað gefið nánari upplýsingar um.

V.

Í byrjun nóvembermánaðar s. l. frömdu hinir ákærðu, Grímur Norðqvist og Jón Hall, innbrot í hús Kaupfélags Saurbæinga í Salthólmavík. Átti ákærður Grímur Norðqvist upptökin að innbroti þessu og fékk Jón Hall til liðs við sig. Frá Heinabergi fóru hinir ákærðu til innbrotsins seint um kvöld. Voru þeir báðir riðandi og höfðu auk þess meðferðis reiðingshest undir væntanlegt þýfi. Er þeir komu til Salthólmavíkur fóru þeir inn í kaupfélagshúsin með þeim hætti, að þeir brutu rúðu í glugga og skriðu þar inn. Stálu þeir síðan úr verzlunarhúsunum 50 kg. af melís, um 20 kg. af strausykri, 20—30 kg. af kaffibaunum, nokkru af exporti, 6 bitum af rjóli, nokkru af sápu og sóda, 50 kg.

af hveiti og 50 kg. af haframjöli. Vörur þessar reiddu þeir söðan heim að Heinabergi á hestum þeim, er þeir höfðu meðferðis, en sjálfir urðu þeir að ganga. Vörur þessar runnu allar í bú Gríms, en þó kveðst hann af ótta við að þjófnaðurinn kæmist upp, hafa eyðilagst það, sem var óeytt af þeim, er komið var fram yfir nýjár. Ákærði, Jón Hall, fékk hinsvegar engan hluta þýfisins né annan hagnað af innbrotinu, svo upplýst sé. Ákærðu, Matthildi Sigurðardóttur, var kunnugt um ráðagerðir sona sinna að þessu innbroti og kveðst hafa latt þá án árangurs, en eigi er upplýst að hún hafi haft önnur afskipti af þessum verknaði þeirra bræðra.

Samkvæmt skýrslu forstjóra Kaupfélags Saurbæinga nam útsöluverð hinna stolnu vara kr. 308.85, og hefir forstjórinn fyrir hönd kaupfélagsins gert þá kröfu, að hinir ákærðu verði in solidum dæmdir til að greiða félaginu þessa upphæð í skaðabætur ásamt 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1935 til greiðsludags.

VI.

1) Ákærði, Magnús Jónsson, er samkvæmt framangreindu í fyrsta lagi sakaður um að hafa slegið eign sinni á fé annara manna með þeim hætti, að hann í þessu skyni sótti eða lét sækja það í hagann, og varða þau brot hans við 7. gr. laga nr. 51 1928, sbr. 231. gr. 1. lið hinna almennu hegningarlaga. Í öðru lagi er ákærði sakaður um að hafa tekið og slegið eign sinni á fé annara manna, eftir að það af tilviljun hefði smalast heim með hans eigin fé, og varða þau brot hans við 250. gr. hegningarlaganna. Í þriðja lagi er ákærði sakaður um það, að hafa hagnýtt sem búsilag afurðir af fé, sem synir hans, meðákærðu Grimur Norðqvist og Jón Hall, höfðu ólöglega slegið eign sinni á, og varða þau brot hans við 240. gr. og 250. gr. sbr. 56. gr. hegningarlaganna, Þá er ákærði loks sakaður um það, að hafa eftir að hann hætti búskap sjálfur, unnið með syni sínum, ákærða Grími Norðqvist, að ólöglegum fjártökum, og varða þau brot hans við 7. gr. laga nr. 51 1928, sbr. 231. gr., 1. lið og 48. gr. 1. mgr. hegningarlaganna, og 250. gr. hegningarlaganna, sbr. 48. gr. 1. mgr. sömu laga. Með tilliti til þess, hve langvarandi og stórfeld afbrot ákærða eru, þykir refsing hans með hliðsjón af

63. gr. hegningarlaganna hæfilega ákveðin betrunarhúsvinna í 4 ár.

2) Að svo miklu leyti sem hinir ákærðu, Grímur Norðqvist og Jón Hall, tóku fé upp á eigin spýtur í búskapar-
tið föður þeirra, ákærða, Magnúsar Jónssonar, eins og
nánar er lýst hér að framan, varða þau brot þeirra við 7.
gr. laga nr. 51, 1928, sbr. 231 gr. 1. lið hinna almennu
hegningarlaga og 250. gr. hegningarlaganna. Fjártökur á-
kærða, Gríms Norðqvist, eftir að hann byrjaði búskap,
varða og við nefnd lagafyrirmæli. Þáttaka þeirra bræðra,
eftir að þeir höfðu fyllt 14 ára aldur, í fjártökum föður
þeirra, ákærða, Magnúsar Jónssonar, og þáttaka ákærða,
Jóns Hall, í fjártökum bróður hans, ákærða, Gríms Norð-
qvist, varðar einnig við sömu lagafyrirmæli, sbr. 48. gr.
1. mgr. hinna almennu hegningarlaga.

Innbrotspjófnaðurinn í Salthólmavík varðar við 7. gr.
laga nr. 51, 1928, sbr. 231. gr. 4. lið og að því er ákærða,
Jón Hall, snertir, sbr. 48. gr. 1. mgr. hinna almennu hegn-
ingarlaga.

Við ákvörðun refsingar þessara sakborninga ber sam-
kvæmt 57. gr. 2. mgr. hinna almennu hegningarlaga að
taka tillit til þess, þeim til linkindar, að þeir í upphafi
fremja afbrot sín af hlýðni við föður sinn, sem leitt hefir
þá, á unga aldri, út á afbrotabrautina, og telja verður að
hafi óumflýjanlega með fordæmi sínu haft brjálandi á-
hrif á siðferði þeirra og dómgreind. Að þessu athuguðu,
og með hliðsjón af 63. gr. hegningarlaganna, þykir refs-
ing ákærða, Gríms Norðqvist, hæfilega ákveðin betrunar-
húsvinna í 15 mánuði og ákærða, Jóns Hall, betrunarhúsv-
vinna í 8 mánuði. En með hliðsjón af ungum aldri Jóns
Hall, og að öðru leyti með tilliti til framanritaðs, þykir
mega ákveða, að refsing hans skuli vera skilorðsbundin
samkvæmt lögum nr. 39, 1907.

3) Ákærða, Matthildur Sigurðardóttir, er sökuð um
þátttöku í hinum ólöglegu fjártökum ákærða, Magnúsar
Jónssonar, þannig, að hún hafi á stundum aðstoðað við
slátrunina, og varða þau brot hennar við 7. gr. laga nr.
51, 1928, sbr. 231. gr. 1. lið og 48. gr. 1. mgr. hinna al-
mennu hegningarlaga, og 250. gr., sbr. 48. gr. 1. mgr. hegn-
ingarlaganna. Í öðru lagi er hún sökuð um það, að hún
hafi unnið að hagnýtingu sláturafurðanna, enda þótt hún

vissi, að féð hafði verið tekið að ófrjálsu. Þessi brot ákærðu varða við 240. gr. og 250 gr., sbr. 56. gr. hinna almennu hegningarlaga.

Það er talið að ákærða hafi oft latt þessara afbrota, en án árangurs, enda hafi hún litlu ráðið á heimilinu og þá sízt þessu, og þykir eftir því, sem fyrir liggur í málinu, mega ganga út frá því, að hún hafi yfirleitt tekið þátt í afbrotum þessum af hlýðni við meðákærða, Magnús Jónsson. Eins og sambúð ákærðu og meðákærða, Magnúsar Jónssonar, var farið, þykir mega beita ákvæðum 57. gr. 1. mgr. hegningarlaganna analogískt þannig, að afstaða ákærðu verið talin henni til linkindar við ákvörðun refsingar fyrir þáttöku hennar í afbrotum Magnúsar, en eigi þykir eftir atvikum fært að láta refsingu fyrir þessi afbrot ákærðu falla alveg niður. Að þessu athuguðu, þykir refsing ákærðu með hliðsjón af 63. gr. hegningarlaganna, hæfilega ákveðin betrunarhúsvinna í 8 mánuði. En með hliðsjón af því, sem áður segir um alla afstöðu ákærðu til þessara afbrota, þykir mega ákveða, að refsing hennar skuli vera skilorðsbundin samkvæmt ákvæðum laga nr. 39, 1907.

4) Hinir ákærðu hafa allir, hver í sinu lagi, samþykkt án athugasemda skaðabótakröfur þær, sem samkvæmt framangreindu hafa verið gerðar á hendur þeim í máli þessu, og tjáð sig fúsa til að greiða. Ber því að taka kröfur þessar að öllu leyti til greina.

Ákærðu, Magnús Jónsson og Jón Hall Magnússon, greiði hvor um sig gæzluvarðshaldskostnað sinn. Ákærði, Magnús Jónsson, greiði skipuðum talsmanni sínum, cand. jur. Valdimar Stefássyni, í málsvarnarlaun kr. 150.00. Ákærðu, Grímur Norðqvist, Jón Hall og Matthildur Sigurðardóttir, greiði in solidum skipuðum verjanda sínum, cand. jur. Sigurði Ólasyni, í málsvarnarlaun kr. 200.00. Allan annan kostnað sakarinnar greiði öll hin ákærðu in solidum.

Rekstur málsins hefir verið vítalaus.